

**Tíundi fundur samstarfsnefndar vegna sameiningaviðræðna
Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar
23. ágúst 2023, kl: 15:00.**

Mætt voru:

Jenný Lára Magnadóttir frá Tálknafjarðarhreppi
Jóhann Örn Hreiðarsson frá Tálknafjarðarhreppi
Lilja Magnúsdóttir frá Tálknafjarðarhreppi
Jón Árnason frá Vesturbyggð
Þórkátla Soffía Ólafsdóttir frá Vesturbyggð
Guðrún Eggertsdóttir frá Vesturbyggð
Þórdís Sif Sigurðardóttir frá Vesturbyggð

Ólafur Þór Ólafsson boðaði forföll

Bryndís Gunnlaugsdóttir, Róbert Ragnarsson og Vilhjálmur Sveinsson frá KPMG. Vilhjálmur ritaði fundargerð.

- I. Dagsetning kosninga um sameiningatillögu Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar**
Bryndís fór yfir nýlegar breytingar á sveitarstjórnarlögum og drög að nýrri reglugerð um íbúakosningar. Fram kom að kjörtímabil um sameiningatillögur skal vera tvær til fjórar vikur.

Samstarfsnefnd leggur til að fyrsti dagur kosninga verði mánudagurinn 9. október 2023 og seinasti dagur kosninga verði laugardagurinn 28. október 2023.

II. Kynning á sameiningartillögu

Róbert og Bryndís fóru yfir lagaskilyrði varðandi kynningu á tillögum um sameiningu sveitarfélaganna þar sem fram kemur að kynna skal tillöguna með 20 daga fyrirvara fyrir fyrsta kjördag svo sem með kynningarfundum og/eða dreifibréfum. Innan saman frest skal auglýst opinberlega í Lögbirtingablaðinu og fjölmiðlum.

Samstarfsnefnd samþykkir að haldnir verði íbúafundir 2. - 4. október og að ítarlegur kynningabæklingur verði sendur til íbúa í aðdraganda þeirra þar sem tillagan er kynnt, leiðbeiningar um hvernig kosning fer fram og hvenær íbúafundir eiga sér stað. Tryggja þarf að kynningarefni sé aðgengilegt á erlendum tungumálum. Sveitarstjórum og ráðgjöfum KPMG, í samráði við Hér og Nú, er falið að leggja fram ítarlegri kynningaráætlun fyrir næsta fund samstarfsnefndarinnar og drög að kynningarbækling.

III. Hagsmunagæsla gagnvart ráðherrum og þingmönnum.

Farið var yfir fyrirkomulag varðandi hagsmunagæslu gagnvart ráðherrum og þingmönnum.

Samstarfsnefnd felur sveitarstjórum og ráðgjöfum KPMG að skipuleggja fundi með innviðaráðherra, matvælaráðherra, þingmönnum kjördæmisins og umhverfis- og samgöngunefnd í tengslum við fjármálaráðstefnu sveitarfélaga sem fer fram 21. - 22. september nk.

IV. Kosning um sameiningu Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar – mál til afgreiðslu sveitarstjórna

Farið var yfir þau atriði er sveitarstjórnir Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar þurfa að staðfesta í aðdraganda kosningar um sameiningu sveitarfélaganna.

Samstarfsnefnd um sameiningu Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar leggur til við sveitarstjórnir sveitarfélaganna að kosning um sameiningu sveitarfélaganna fari fram þann 9.

október 2023 til 28. október 2023 og að kosningaaldur miðist við 16 ár. Einnig leggur samstarfsnefnd til að sveitarstjórnirnar samþykki drög að kjörseðli sem sendur verður til innviðaráðuneytisins til staðfestingar og að sameiginlegri kjörstjórn verði falið að ákveða staðsetningu og fjölda kjörstaða, skiptingu í kjördeildir og opnunartíma kjörstaða.

V. Önnur mál

Samþykkt var að næsti fundur samstarfsnefndar yrði 6. september nk.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 16:20.